

Ed.

100. Frumvarp til laga

[87. mál]

um breyting á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Forseti skipar vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Skal hann fullnægja sömu skilyrðum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins til skipunar í embætti. Vararannsóknarlögreglustjóri fer með vald rannsóknarlögreglustjóra í fjarveru eða forföllum rannsóknarlögreglustjóra eftir nánari ákvörðun hans.

Dómsmálaráðherra skipar annað starfslið rannsóknarlögreglu ríkisins, þ.á m. deildarstjóra og/eða fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómaraströfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samráði við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Vegna þeirrar reynslu, sem fengist hefur af starfsemi rannsóknarlögreglu ríkisins þann tíma, er hún hefur starfað, þykir nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum nr. 108 frá 1976.

Um 1. gr.

Eðlilegt er, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni, þ. e. á því svæði, sem greinir í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 108 frá 1976.

Rannsóknarlögreglan getur að auki haft starfsstöðvar bæði innan og utan þess svæðis, t. d. sérstaka starfsstöð á því svæði, sem greinir í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 108 frá 1976, ef ákveðið verður, að hún skuli hafa með höndum rannsóknir meiri háttar brotamála á svæðinu.

Um 2. gr.

Lagt er til, að rannsóknarlögreglustjóra ríkisins verði skipaður staðgengill, vara-rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Er þá m. a. stuðst við tilhögun hjá embætti ríkissaksóknara, sbr. 20. gr. laga nr. 74 frá 1974.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.